



Tvöföld mikilvægisgreining


Þjónusta PwC á sviði sjálfbærni


Desember 2023



Samkvæmt nýjum kröfum skal sjálfbærnistarf og -upplýsingar fyrirtækja byggja á tvöfaldri mikilvægisgreiningu. Þú þarf því að vita hvað það er.

Tvöföld mikilvægisgreining (e. Double materiality assessment) gerir kröfur um að fyrirtæki greini áhrif í báðar áttir; hvernig fyrirtækið hefur áhrif á samfélag og umhverfi annars vegar og hins vegar áhrif umhverfis og samfélags á afkomu fyrirtækisins. Horfa þarf til virðisæðju fyrirtækis, hagsmunaaðila og greina áhættu og tækifæri.





Á komandi misserum munu kröfur til fyrirtækja varðandi sjálfbærni og upplýsingagjöf aukast til muna. Ný tilskipun frá Evrópusambandinu kemur til með að leysa af hólmi gildandi lög og hið nýja regluverk er mun ítarlegra og gildissvið víðtækara.

Til að byrja með mun hin nýja tilskipun taka til stórra fyrirtækja auk skráðra félaga. En ljóst er að regluverkið mun halda áfram að vikka út og mörg félög sem í dag falla ekki undir regluverkið, munu bætast í hóp þeirra sem þurfa að auka upplýsingagjöf um sjálfbærni.

Hvers vegna skiptir tvöföld mikilvægisgreining máli?



Nýjar kröfur til fyrirtækja, flokkunarkerfi ESB (EU Taxonomy) og sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja (CSRD) gera kröfu um að fyrirtæki þekki áhrif sína á umhverfi og samfélag, en ekki síður að meta áhættu og tækifæri sem umhverfi og samfélag hafa á rekstur fyrirtækis.

Skilja betur áhrif fyrirtækis til skamms- og langstíma á umhverfi og samfélag.

Áhættumat og greining tækifæra tengd sjálfbærnimálum.

Efniviður í skýra stefnu og áætlun um hvernig fyrirtækið innlimar sjálfbærni í alla starfsemi sína.

Tvöföld

mikilvægisgreining

– með PwC

Framkvæmd tvöfaldrar mikilvægisgreiningar með aðkomu PwC felst í nokkrum skrefum:

1

Skilningur. Fyrsta skrefið er að skilja áhrif fyrirtækisins á umhverfi, samfélag og stjórnarhætti.

2

Greining. Annað skrefið er að greina eigin starfsemi og hvernig hún verður fyrir og hefur áhrif; greina virðisæðju fyrirtækis.

3

Mat. Þriðja skrefið er að meta áhrif, áhættu og tækifæri og hvernig þetta tengist hagsmunaaðilum fyrirtækis.

4

Ásetningur. Fjórða skrefið er að setja sér stefnu, markmið, aðgerðir og mælikvarða með hliðsjón af mikilvægustu áhrifum fyrirtækisins.

Sjálfbærniþættir fyrirtækja, til dæmis:



Umhverfi		Samfélag		Stjórnarhættir
Loftslagsbreytingar	Mengun	Starfsfólk fyrirtækis	Neytendur	Siðareglur
Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi	Auðlindir og hringrásarhagkerfi	Starfsfólk í virðisæðju	Nærsamfélag	Gagnsæi
Vatns- og sjávarauðlindir	Úrgangur	Öryggi gagna	Framlegð	Tilgangur
		Þátttaka í samfélaginu		

Tengiliðir

sjálfbærniteymis PwC

Hulda Steingrimsdóttir

Leiðtogi sjálfbærnimála

✉ hulda.steingrimsdottir@pwc.com

☎ Sími: 840 5247

Aron Friðrik Georgsson

Sérfræðingur í sjálfbærni

✉ aron.f.georgsson@pwc.com

☎ Sími: 840 5239

